

Alþingi  
Erindi nr. P 137/309  
komudagur 22.6.2009

From: Ólöf Þorvarðsdóttir <vindurinn@dansandi@gmail.com>  
Subject: Umsögn Jóns Vals Jenss. um þingsályktunartillögur um EBS (EB)  
Date: June 15, 2009 2:25:28 PM GMT+00:00  
To: esb@althingi.is  
Cc: ollajon@ismennt.is  
Reply-To: vindurinn@dansandi@internet.is

## Til háttvirtrar utanríkismálanefndar hins háa Alþingis:

Umsögn undirritaðs, Jóns Vals Jenssonar, um tvær þingsályktunartillögur um umsókn um inngöngu í Evrópusambandið (sem hér verður kallað Evrópubandalagið) og um undirbúning hennar, – þ.e. 38. mál á 137. löggjafarþingi 2009 og 54. mál á sama löggjafarþingi.

### I. kafli, einkum um löggjafarvald sem fært yrði undir erlent ríkjabandalag

Fyrri tillagan, sem komin er frá ríkisstjórninni eða leiðtogum hennar og kynnt á þingi af utanríkisráðherra, er ekki nema tvær línur, en gengur þó í róttækustu átt allra tillagna og samþykktu laga á Alþingi frá stofnun lýðveldisins.

Fyrsta athugasemd mín er sú, að **þessi tillaga er ekki í samræmi við stjórnskipunarlög Íslands, þ.e. 2. grein stjórnarskrárinnar og ákvæði 25.–28. gr. hennar um löggjöf, sem eingöngu á að vera í höndum Alþingis.**

Það á ekki að vera neinum alþingismanni heimilt að ganga gegn þeirri stjórnarskrá, sem hann hefur svarið trúnaðareid, nema með því að bera beinlínis fram *tillögu um stjórnarskrárbreytingu*, sem þingmönnum er vissulega heimilt. En hér er farið öfuga leið að því máli. Með svokallaðri *aðild* að Evrópubandalaginu, sem réttnefndari væri: *Innlímun* í bandalagið (sjá hér: Tölum um INNLÍMUN, ekki “aðild að ESB” = *fylgiskjal 1 með þessari umsögn til Alþingis*) væri æðsta löggjafarvald flutt í raun til meginlands Evrópu, til Evrópubandalagsins. Þetta er augljóst strax af inngöngusáttmálum ríkja eins og Svíþjóðar og Finnlands (sjá *fylgiskjal 2: Réttinda-afsalið sem yfirlýst og staðfest yrði með aðildarsamningi (accession treaty) við Evrópubandalagið*), sem og af öllu því sem vitað er um, hvernig bandalagið starfar í reynd. Þaðan koma t.d. um 80% af öllum nú lögum og lagagerðum Þýskalands nú um stundir. Þau eru ekki lögð fyrir þjóðþingin, heldur öðlast lagagildi, um leið og þau eru orðin að lögum úti í Brussel og Strassborg (að þessu leyti o.fl. eru þau geróflk lögum og reglugerðum sem við tökum hér upp – sem samþykkt á Alþingi í hverju tilviki – á grunni EES-samningsins, en þaðan kom um 17,2% beinnar löggjafar okkar og 21,6% óbeinnar á árunum 1992–2006 (sjá ritið *Tengsl Íslands og Evrópusambandsins, með undirtitlinum "Skýrsla Evrópunefndar um samstarfið á vettvangi EES og Schengen og um álitæfni varðandi hugsanlega aðild Íslands að Evrópusambandinu"*, Rv. 2007, bls. 56–57). **Ög þessi Evrópubandalagslög hefðu þar að aukl algeran forgang fram yfir okkar eigin (eldri) lög og ýta hverjum þeim lagaákvæðum frá, sem brjóta í bága við þau nýju Evrópubandalagslög!** (sbr aftur fylgiskjal 2).

En í 2. grein stjórnarskrár lýðveldisins Íslands segir svo: "Alþingi og forseti Íslands fara saman með löggjafarvaldið." (Hér skal því sleppt í bili að fjalla um ákvæði 2. gr. um framkvæmdavald og dómsvald í lýðveldinu – þó að hvort tveggja verði fyrir hnekki við "aðild" að þessu valdfreka bandalagi – , þar sem ærið verkefni er að ræða um löggjafarvaldið.)

Þá er í 25.–28. grein stjórnarskrárinnar einungis gert ráð fyrir, að löggjöf komi endanlega frá **Alþingi Íslendinga** og þurfi til **staðfestingu forseta Íslands**.

**Þessum stjórnarskrárákvæðum er snúið baki við með afar afdrifaríkum hætti með innlímun í nefnt Evrópubandalag. Æðsta og úrslita-löggjafarvald er þannig framselt eða öllu heldur: því er afsalað til evrópsks stórríkjasambands, án þess að borið sé undir ákvörðunarvald Alþingis í hverju tilviki – raunar í engum tilvikum! Þetta er svo skelfileg atilaga gegn stjórnarskrártryggðum réttindum okkar Íslendinga sjálfra og hins háa Alþingis, að hér sjáum við sjálfstætt fullveldi okkar líða undir lok, um það er engum blöðum að fletta.**

Sú stofnun eða það ríki, sem hefur æðsta og ráðandi löggjafarvald í einhverjum löndum, hefur það síðan ekki í raun verkatak á nánast öllu öðru í þeim löndum? Þingmenn hugleiði það. Þeir eru ekki yfir það hafnir að þurfa að hugsa sig um í málum, gera það allan starfsferil sinn, og þeim ber einnig og umfram öll önnur mál að gera það í þessu stærsta áhorfsmáli, sem nokkurn tímann á eftir að koma til igrundunar þeirra og ákvörðunar.

Það er engin afsökun, að önnur lönd hafi gengið þessa leið. Það á í 1. lagi að standa fast á frumreglunum, grunni stjórnskipunar okkar og löggjafarvalds, sem er **ekki** léttvægt mál. Í 2. lagi yrði Ísland **fólksfæsta** þjóð bandalagsins, ef

við létum innlimast í það, og fengjum þar **fæsta fulltrúa** meðal þjóðanna í stofnunum bandalagsins (og jafnvel ekki 1 fulltrúa í frakvæmdastjórninni nema í mesta lagi hálfan starfstíma hennar, ef Lissabon-sáttmálinn og fyrirhugaðar breytingar ná fram að ganga). Með í mesta lagi þrjá af 348 ráðherrum í ráðherraráðinu eða 0,862% og fimm af 790 þingmönnum í Evrópuþinginu eða 0,633% væru við dæmd til áhrifaleysis, ef öðrum þjóðfulltrúum þar þykir það henta. Í 3. lagi má benda á, að jafnvel Svíar eru farnir að gera sér grein fyrir löggjafar-réttindaafsali sínu til Evrópubandalagsins, sem ár eftir ár eykur við löggjöf landsins um mörg veigamestu mál, sem almenningur á sama sáralitla sem enga aðkomu að (sjá fylgiskjal 3).

## **II. kafli, um tillögu ríkisstjórnarflokkanna**

Þar segir í tillögunni sjálfri (feitiletrað hér): "Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að leggja inn umsókn um aðild að Evrópusambandinu og að loknum viðræðum við sambandið verði haldin **þjóðaratkvæðagreiðsla** um væntanlegan aðildarsamning."

Nú er af öllu augljóst, að róttækari stefnubreyting hefur aldrei átt sér stað á Alþingi í tíð Lýðveldisins heldur en sú að ganga í þetta valdfreka ríkjabandalag. Samt er samkvæmt þessari tillögu afráðið að láta niðurstöðu atkvæðagreiðslu á Alþingi um þessa þingsályktunartillögu **ekki** ganga fyrir þjóðina til samþykktar eða synjunar. Það er verið að svita þjóðina þeim möguleika að hafa með þjóðaratkvæðagreiðslu áhrif á það, hvort lagt verður út á þessa óráðsbraut, sem jafnvel bara í sjálfri sér, óháð því hvar hún endar, felur í sér afar mikinn kostnað og áhættu. Þar á meðal er þetta:

1. Undirbúningsvinna að því að fylgja eftir, hér á landi og erlendis, vinnu við umsóknina.

2. Ef umsóknin verður samþykkt tæk í höfuðstöðvum EB, kemur síðan **um eða yfir 800 milljóna króna kostnaður** við aðildarviðræðurnar sjálfar, sem sagt er að **27 sérfræðinganefndir** myndu þurfa að starfa við, **jafnvel þótt ekkert sé látið á því umfangi og þeim kostnaði bera í nefndri þingsályktunartillögu og athugasemdum við hana!** Sumir tala raunar um miklu meiri kostnað við allt ferlið en þetta, þrjá milljarða króna, sem ég veit ekki hvað til er í.

3. Ragnar Frisch, prófessor í hagfræði, benti á það í fyrirlestri, sem hann hélt hér á landi 1962, "hvernig samningsumleitarnir binda landið í atvinnumálum," og sagð: "Aðeins það að hefja samningsumleitarnir mun strax valda margs konar ákvörðunum í atvinnulífi þjóðarinnar. Það verða gerðar framkvæmdir og fjöldi breytinga í framleiðsluháttum til þess að aðhæfa efnahagslíf landsins ástandinu í Efnahagsbanalaginu. Þeir nokkur að halda því fram í alvöru, að að þjóðin sé frjálst að taka lokaákvörðun, þegar að því kemur? Hvaða flokkur mun voga að fá þessar breytingar teknar aftur?" (*Aðild að Efnahagsbandalagi Evrópu er óhyggileg og hættuleg*, Rv. 1962, s. 19–20). Jafnvel þótt þetta hafi ekki orðið að áhrinsorðum í Noregi, er íslenskt samfélag augljóslega miklu smærra og viðkvæmara í þessum efnum.

4. Þjóðir Evrópubandalagsins eru um 1550 sinnum fólksfleiri en við Íslendingar, hafa í Evrópubandalaginu yfir gífurlegum sjóðum að ráða. Bandalagið hefur ekki látið endurskoða reikninga sína í 14 ár þrátt fyrir alvarleg fjármálahneyksli, sðem þar hafa komið upp, og gerir ekki grein fyrir um 7% útgjalda sinna. Þegar ríki eins og Tékkland og Svíþjóð sóttu um upptöku bandalagið, var beitt gríðarlegum áróðri, í fyrrnefnda landinu var t.d. margfalt meira eytt til auglýsingar og áróðurs fyrir "já"-stefnuna en stefnu hinna, sem stóðu gegn inngöngu, og var þar talið um EB-fjármagn að ræða að miklu leyti. **Vilji þetta bandalag ná landi inn fyrir sínar raðir, á það í fullu tré við litla þjóð, og því ber að varast það umfram allt að leika sér að þeim eldi að þjóða upp á það ástand, að áróður innlimunarafllanna hnekki hér frjálstri ákvörðun þjóðarinnar.**

Þingflokkur Vinstri grænna, sem fyrir kosningar hét því, að hann myndi beita sér fyrir **tvöfaldrí** þjóðaratkvæðagreiðslu um þessi Evrópubandalagsmál, ef farið yrði að kanna þau, tekur nú þátt í þerri ósvinnu að svipta þjóðina neitunarvaldi til að stöðva þetta viðurhlutamikla ferli að sækja um inngöngu í Evrópubandalagið, jafn-afdrifaríkt og það þó gæti orðið fyrir íslenskt stjórnskipulag og yfirráð Alþingis í löggjafarefnum, að ógleymdum yfirráðum okkar yfir fiskveiðilögsögu okkar og trúlega öðrum auðlindum! Það væru svik af hálfu þess flokks við kjósendur sína að greiða atkvæði með þessari þingsályktunartillögu.

Þá segir í athugasemdum með nefndarálitinu: "Fagleg viðræðunefnd við ESB verður skipuð af ríkisstjórn Íslands." Af þessu er ljóst, að hér verður meðfram um pólitíska nefnd að ræða, þar hafi þeir flokkar, sem að henni standa, tögl og höld, en síðan er þeirri sömu nefnd atlað að "leita ráðgjafar hjá" samráðshópi fulltrúa hagsmunaaðila. Ekkert er kveðið á um, hvernig sá hópur sé skipaður eða hvort þessi pólitískt skipaða "faglega viðræðunefnd" ráði, hverja hæun velji sér þar til samráðs (sem hefur vitaskuld mikil áhrif á heildarniðurstöður samráðsins), og ekki verður séð, að **hagsmunahópur þjóðarinnar sjálfur og stjórnskipunar hennar og löggjafarréttinda** fái þar neinn aðgang, heldur eingöngu hagsmunahópar í þrængri stétta-, fjármála- og atvinnuskilningi.

Þetta vanmat á höfuðatriðum í stjórnskipulagi ríkisins, því sem sjálfstæðisbaráttan hefur áunnið okkur með sífelldri sókn til fullveldis og sjálfstæðis og yfirráða yfir 200 mílna auðlindalögsögu okkar og meira til, kristallast síðan í upptalningu í athugasemdum fyrrnefndrar þált., þar sem sagt er: "**Meðal grundvallarhagsmuna Íslands eru:**" o.s.frv. **Þar er ekki minnst á það einu aukateknu orði að tryggja okkar eigin æðsta löggjafarvald í landinu!**

Lærum af sögunni og Jóni Sigurðssyni að fara varlega með það fjöregg þjóðarinnar sem löggjafarvaldið er. Og hér er full ástæða til að minna á pistla mína um þá afstöðu Jóns forseta, sem felur í sér fullkomna andstöðu hans við stefnumál í hans samtíð, sem líkja má við EB-innlimunarstefnuna:

1. H.É.R. [= fylgiskjal 4] talar hann um, að sjálfsforræði landsins megi ekki ofurselja erlendum valdsstofnunum, heldur beri þjóðinni að hafa "alla stjórnarathöfn sem næsta sér og hagkvæmasta," ekki í mörghundruð mílna fjarska; Ísland eigi ekki að "vera sem eitt fylki í Danmörku, vera undirlagt sömu grundvallarlögum og Danmörk, [með] nokkur atkvæði á þingum Dana" –
2. og H.É.R. [= fylgiskjal 5] sést, að hann hafnar því, að Íslendingar ættu að fara að deila fullveldi Dana með þeim, hafandi einungis "25. part atkvæða í vorum eiginmálum" á þingi þeirra – og ég sýni þar fram á, hve hlutur okkar væri eðlilega **ennþá minni** á EB-þinginu í Strassborg, einungis 158. partur atkvæðanna (5 af 790)! Menn lesi um það í samhengi við orð Jóns Sigurðssonar!
3. Þá hafði ég einnig tilfært H.É.R. (í 2. neðanmálsgr. og meginmáli) [= fylgiskjal 6] orð Jóns forseta 1857–8 gegn beiðni Frakka um að koma sér upp aðstöðu á Dýrafirði, þar sem hann ítrekaði, gegn þeim sem vildu vísa málinu til ákvörðunar í Kaupmannahöfn, að "**alþing [ætti] að varast að afsala sér atkvæði að fyrri bragði, heldur að geyma rétt sinn óskertan til að segja álit sitt um öll þau mál, sem Ísland varðar,**" og með samanburði við dæmi um góða málsmeðferð Breta á Nýfundnalandi sagði Jón: "**hversu skyldum vér þá sjálfir svipta oss atkvæði, sem eigum að réttu lagi fullkomin löggjafarréttindi skilið?**"

Pegar aftur er litið á "grundvallarhagsmuni Íslands", sem taldir eru upp í athugasemdum um þált. ríkisstjórnarinnar og áður er á minnzt, er vant að sjá, hvernig búast megi við því, að Evrópubandalagið myndi " tryggja forræði þjóðarinnar yfir vatns- og orkuauðlindum og ráðstöfun þeirra" og "yfir fiskveiðiauðlindinni, sjálfbæra nýtingu auðlindarinnar og hlutdeild í deilistofnum og eins víðtækt forsvar í hagsmunagæslu í sjávarútvegi í alþjóðasamningum og hægt er," því að Evrópubandalagið áskilur sér einmitt yfirráð yfir sjávarútvegsstefnunni og er með nýjar hugmyndir um auðlindastefnu í sigtinu. **Varast ber – ef farið verður út í umsókn og aðildarviðræður, sem vonandi verður aldrei – að treysta neinum fagurgala, heldur fá allt skriflegt og vottfest um skilmála beggja aðila og samþykktir og um túlkun allra atriða.** En þar að auki er mjög hætt við því, að Samfylkingin (SF) sé með það í bakhendinni að geta hugsað sér í e.k. hrossakaupum um málin að **svíkja í þessum efnun einmitt, sem hér var talað um.** Þess vegna m.a. eru aðildarviðræður ríkisskipaðrar viðræðunefndar, þar sem SF er með sterka aðstöðu, mjög hættulegar, því að þar gætu svikin att sér stað og síðan reynt eftir á (rétt eins og í Noregi 1994) að halda uppi blekkingaráróðri gagnvart þjóðinni um það að þetta sé þrátt fyrir allt ásættanlegur samningur.

Meðal þess, sem myndi nýtast SF til slíks áróðurs, væru fullyrðingar um, að samninganefnd okkar hafi gætt "grundvallarhagsmuna Íslands" í flestum atriðum þrátt fyrir undanhaldið frá yfirráðum okkar yfir sjávarauðlindinni, fiskimiðum og olíuauðlindum. Þetta myndi hún rökstyðja með því að birta þennan lista um nefnda "grundvallarhagsmuni Íslands":

- " \* Að tryggja forræði þjóðarinnar yfir vatns- og orkuauðlindum og ráðstöfun þeirra.
- \* Að tryggja forræði þjóðarinnar yfir fiskveiðiauðlindinni, sjálfbæra nýtingu auðlindarinnar og hlutdeild í deilistofnum og eins víðtækt forsvar í hagsmunagæslu í sjávarútvegi í alþjóðasamningum og hægt er.
- \* Að tryggja öflugan íslenskan landbúnað á grundvelli fæðuöryggis og matvælaöryggis.
- \* Að tryggja lýðræðislegan rétt til að stýra almannaþjónustu á félagslegum forsendum.
- \* Að standa vörð um réttindi launafólks og vinnurétt.
- \* Að ná fram hagstæðu og vaxtarhvetjandi samkeppnis- og starfsumhverfi fyrir atvinnulíf á Íslandi um leið og sérstöðu vegna sérstakra aðstæðna er gætt"

– og halda því síðan fram, að vegna þess að meirihluta þessara atriða hafi verið gætt, séu **flestir** okkar "grundvallarhagsmunir" í höfn!

En hversu gild eru sum atriðin þarna í samanburði við það megin-mál, sem hamrað var eðlilega á hér ofar, þ.e. **að tryggja okkar eigin æðsta löggjafarvald í landinu**, sem þessi upptalning minnst ekki einu aukateknu orði á? Hversu þungvæg eru t.d. 4. og 5. atriðin þarna? eru menn að halda því fram, að það sé svo stór munur á Íslandi og Evrópubandalaginu í þeim efnun? Hafi Ísland fengið eitthvað af löggjöf frá EB, er það ekki sízt á félagslega sviðinu, og það er slitið vopn, ef beita á því, að tala um, að við högnumst eitthvað mikið á því að fá meira af slíku frá EB, en þetta er þó sennilega eitt af því, sem SF ætlar sér í áróðursherferð fyrir innlimun okkar í þetta bandalag. Þar að auki er rangt að stilla upp þessum atriðum eins og þau séu jafnvæg á við yfirráð okkar yfir öllum auðlindum okkar til allrar framtíðar.

En jafnvel þetta um réttindi launafólks og vinnurétt er afar hæpið atriði fyrir SF að nota sem merkilega grundvallarhagsmuni, sem gangi vel upp í inngöngusamningi við EB. Þetta atriði í upptalningunni er hér vitaskuld ekki sett fram sem vantraust Samfylkingarmanna á EB, heldur til að nota sem eitthvað til að slá í augu manna, þegar endanleg þjóðaratkvæðagreiðsla yrði. En í raun er einmitt alls ekkert sjálfgefið að þessi mál verði okkur hagfelldari í EB. Þar er það upp komið í Svíþjóð, að jafnrétti verktaka til vinnu í öllum þáttökuríkjunum er farið að ógna starfsöryggi Svía sjálfra, m.a. með þeim hætti, að löglegt er orðið að undirbjóða laun undir töxtum verkalyðsfélaga. Ég vísa um það til greinar eftir **Rafn Gíslason**, sem er hér að finna í **fylgiskjali 7**.

Þá vil ég gera athugasemd um þessi lokaorð í athss. við þált. ríkisstjórnarinnar: "Stefnt er að því að Alþingi setji á fót sérstaka Evrópunefnd Alþingis með fulltrúum allra stjórnsmálaflokka er fari með samskipti við viðræðunefnd vegna

ESB." Ég bendi á, að Evrópunefnd Alþingis er hér ætlað að fara með samskipti við ríkisstjórnarskipaða "viðræðunefnd við ESB", pólitíska yfirnefnd, sem getur í öllu ferlinu valið sér þá "fulltrúa hagsmunaaðila" til "ráðgjafar" sem henni sýnist. Hér setur Alþingi ofan, þegar pólitískt skipuð nefnd ríkisstjórnarinnar (þótt "fagleg" sé kölluð) hefur þama alla þræði í sínum höndum, en Evrópunefnd Alþingis og utanríkismálanefnd settar hjá sem fjarlægir áheyrendur.

## **II. kafli, um tillögu þingmanna í stjórnarandstöðuflokkunum (54. mál)**

Ég hef í raun lítinn tíma til athugasemda um þessa þált. Ég er andvígur stefnu hennar nema að því leyti sem hún setur mikla fyrirvara um það, hvernig ríkisstjórnin ætlar sér að vinna málið, með ofurflýti og að mörgu leyti á mælisverðum vinnubrögum, eins og kemur fram í máli mínu hér ofar og einnig í þált. þessara stjórnarandstöðuþingmanna og greinargerð þeirra.


Það er ömurlegt að lesa sumt í þessari greinargerð um sjálf prinsíp málin, t.d. þetta orðalag: "Flutningsmenn telja að með vönduðum málatilbúnaði megi stuðla að víðtækari sátt um málið í þjóðfélaginu en ríkisstjórn Íslands hefur lagt grunn að." Það verður aldrei nein víðtæk sátt um innlimun Íslands í Evrópubandalagið né neitt það, sem stefnt getur í þá átt.

En vegvísir þessarar greinargerðar (undir lok hennar) tiltekur ýmis ágæt atriði, sem og þetta ofar, þar sem talað er um, að huga þurfi í undirbúningsvinnunni sérstaklega að "fullveldi þjóðarinnar, sjávarútvegshagsmunum, m.a. réttindum innan fiskveiðilögsögu Íslands og hlutdeildar í flökkustofnum ásamt áhrifum á fiskveiðistjórnun" o.fl. ágætu, sem og "einhliða úrsagnarrétti þjóðarinnar úr Evrópusambandinu".

Þó eru málflytjendur þessarar þált. eins og gersamlega sofandi gagnvart því að rökstyðja það með skýrum hætti, að löggjafarvald byrði í öllum afgerandi málum frá Alþingi til Evrópubandalagsins, ef gengið yrði í það, eins og ég hef ítrekað hér ofar og í fylgiskjölum 2 og 3 hér á eftir. Framsal löggjafarvalds (með þeim afleiðingum, að 4/5 laga okkar yrðu EB-lög og það, sem verra er: að öll okkar lög vikju fyrir EB-lögum, þar sem í milli bæri) er vitaskuld hið afdrifaríkasta valdaafsal, skerðing á fullveldi þjóðarinnar og lögbings þess og bein árás á allt það, sem áunnizt hafði með sjálfstæðisbaráttu þjóðarinnar allt frá tíma Jóns Sigurðssonar.

Látum það verða lokaorð mín hér. Séu ásláttarvillur hér (einkum í seinni hlutanum), er flýti um að kenna, og biðst ég þá afsökunar á því.

Virðingarfylst,

  
Jón Valur Jónsson, cand. theol., Sólvallagötu 14, 101 Reykjavík.  
Sími 552-6604, gsm 626-9070, kennitala 310849-2279.  
Netfang: ollajon@ismennt.is (bilað sem stendur)  
og annað: vindurinnndansandi@internet.is (netfang Ólafar konu minnar).  
Vefsíður mínar um Evrópubandalagsmál:

Evrópubandalagið = <http://jonvalurjensson.blog.is/blog/jonvalurjensson/category/1387/>

Evrópumál = <http://jonvalurjensson.blog.is/blog/jonvalurjensson/category/1203/>

EBé (Evrópubandalagið) (134 pistlar) = <http://blogg.visir.is/jvi/category/ebe-evropubandalagið/>

-----  
FYLGISKJAL 1 með umsögn JVI hér fyrir ofan:

<http://blogg.visir.is/jvi/2009/06/06/tolum-um-innlimun-ekki-adild/>

## **Tölum um INNLIMUN, ekki "aðild að ESB"**

Að verða "aðildarríki" Evrópubandalagsins er ekki sambærilegt við aðild að ýmsum öðrum fjölþjóðlegum stofnunum, t.d. Sameinuðu þjóðunum, NATO, OECD, EFTA né jafnvel viðskiptabandalaginu NAFTA. Evrópubandalagið áskilur sér æðsta vald í löggjafarefnum, fullt vald yfir fiskveiðilögsögu ríkjanna milli 12 og 200 mílna, bannar alfarið veiðar vissra dýrategunda (allar selveiðar og hvalveiðar), afnemur brátt neitunarvald meðlimaríkjanna í öllum áherzlumálum bandalagsins nema hermálum, vinnur (með mjög á mælisverðum hætti) að samþykkt stjórnarskrár\*, stefnir að einni samræmdri utanríkis- og varnarstefnu (sennilega stofnun eigin hers með tímanum) og ætlar að verða með bæði sérstakan forseta og

utanríkisráðherra, ennfremur sérfána og sér-þjóðsöng og stefnir leynt og ljóst að því að verða "stórveldi", sbr. Ragnar Arnalds: *Sjálfstæðið er sívirk auðlind*, s. 102:

"Í frægu viðtali við Der Spiegel í nóvember 1991 dró þáverandi forseti framkvæmdastjórnarinnar, Jacques Delors, saman kjarnann í markmiðum Maastricht-samningsins: "Wir müssen Grossmacht werden!" Við verðum að verða stórveldi!"

- sbr. og sama rit, s. 103:

"Í samþykkt [Evrópu]þingsins frá desember 1997 segir m.a.: "Löndin sem sækja um aðild verða að sýna, að þau séu trú grundvallarmarkmiðum ríkjasambands sem stefnir í átt að sambandsríki" ("federal state"). Í samþykktinni er hvatt til þess að afnema neitunarvald, minnka áhrif smáríkja og auka miðstjórnarvald."

Og þetta, afnám neitunarvalds einstakra ríkja, er einmitt það, sem síðar var stefnt að í verki með Lissabon-sáttmálanum, sem lítið vantar upp á að verði þar að lögum.

Af ofangreindum ástæðum á hugtakið *innlimun í EB* miklu betur við en hið sakleysislega orð "aðild". Þegar ríki gengur í bandalagið, er það ekki eins og það ríki sé að bæta á sig enn einni skrautfjöður, heldur er það gripið þar jötuntaki 490 milljóna manna yfirríkis-valdabákns, sem flestu vill stjórna, og á þaðan vart afturkvæmt, nema bandalagið leysist upp.

*\* Þegar Frakkar og Hollendingar höfnuðu stjórnarskrá Evrópubandalagsins (þeir síðarnefndu með 61% atkvæða í þjóðaratkvæðagreiðslu), þá brá Brusselvaldið á það ráð að hætta að bera þetta undir almenning - nú skyldi einungis láta iðggjafarsamkundur ríkjanna ákveða þetta í næsta þrepi, þ.e. í hinni endurskoðuðu mynd, sem nefnist drög að Lissabon-sáttmálanum. En eina þjóðin, sem fekk að kjósa um hann, hafnaði honum einnig! Samt hyggst EB láta Íra kjósa aftur um hann og nógu oft a.m.k. til þess að þeir beygi sig! Hollendingar og Frakkar fá svo sannarlega ekki að kjósa um þetta stjórnarskrárígildi bandalagsins - svo mikið hafa þeir í Brussel lært um varasemi lýðræðis!*

(6. júní 2009)

---

FYLGISKJAL 2 með umsögn JVV hér fyrir ofan:

<http://jonvalurjensson.blog.is/blog/jonvalurjensson/entry/878892/> =

Mánudagur, 18. maí 2009

## **Réttinda-afsalið sem yfirlýst og staðfest yrði með aðildarsamningi (accession treaty) við Evrópubandalagið**

Já, hvernig lítur það út? Engu minna en svona: "**Community law takes precedence over any national provisions which might conflict with it.**" Nánar tiltekið:

- "... in joining the European Union, **the applicant States accept, without reserve, the Treaty on European Union and all its objectives, all decisions taken since the entry into force of the Treaties establishing the European Communities and the Treaty on European Union and the options taken in respect of the development and strengthening of those Communities and of the Union;**"
- "... it is an essential feature of the legal order introduced by the Treaties establishing the European Communities that certain of their provisions and certain acts adopted by the institutions are directly applicable, that **Community law takes precedence over any national provisions which might conflict with it**, and that procedures exist for ensuring the uniform interpretation of Community law; whereas **accession to the European Union implies recognition of the binding nature of these rules**, observance of which is indispensable to guarantee the effectiveness and unity of Community law."

Þetta má allt og fjöldamargt annað um aðildarsamninga Noregs, Svíþjóðar, Finnlands og Austurríkis (1994) lesa á þessari vefslóð: <http://eur-lex.europa.eu/en/treaties/dat/11994N/htm/11994N.html#0001010001>.

En svo eru sumir að reyna að telja okkur trú um, að við getum sett ákveðin sérréttindi okkar í stjórnarskrá, t.d. að Íslendingar eigi fiskistofnana við landið, og tryggt okkur þannig gagnvart allri hugsanlegri ásælni Evrópubandalagsins, ef við samþykktum að ganga í það (m.ö.o. að innlimast í það).

Það er misskilningur, og það er rangt að reyna að telja fólki trú um það. Evrópubandalagið áskilur sér æðsta

löggjafarvald í sínu stóra þjóðasamfélagi, fram yfir hvaða lög og hvaða ráðstafanir sem þjóðirnar í bandalaginu kunna að hafa gert og samrýmast ekki EB-lögnum.

Og áfram streyma þaðan lagabálgarnir ... t.d. 27.320 reglugerðir á einu saman tíu ára tímabilinu 1994–2004.

Meginflokkur: [Evrópubandalagið](#) | Aukaflokkar: [Sjávarútvegsmál](#), [Stjórnsmál og samfélag](#), [Evrópumál](#)

Læst hér fylgja eina athugasemd mína á eftir þessum pisti, þar sem hún hefur að geyma mikilvægt atriði sem snertir túlkunarvaldið um ög Evrópubandalagsins:

**Pétur Reynisson**, takk fyrir glögga athugasemd. "Það væri gaman að vita hvernig ESB-sinnar líti á þessa klásúlu? Er hún túlkunatriði, svona líkt og við gætum farið yfir á rauðu ljósi bara vegna þess að mig langar til þess?..." (!), segirðu, en þá er einmitt full ástæða til að benda lesendum á það, sem segir þarna í aðildar- eða inngöngusáttmálanum: "**that procedures exist for ensuring the uniform interpretation of Community law**; whereas accession to the European Union implies recognition of the binding nature of these rules, observance of which is indispensable to guarantee the effectiveness and unity of Community law." (leturbr. mín, jvj). **Það er nefnilega engum þátttökuríkjum í sjálfvald sett, hvernig þau túlki lög Evrópubandalagsins, heldur eru þegar til staðar e.k. afgreiðsluleiðir eða vinnuferli (procedures) sem tryggja [bandalaginu] það, að lög þess haldi fullri virkni sinni og að þau haldist ein og óskipt, þ.e.a.s. að ekki myndist frjálssar og mismunandi túlkunarleiðir**, sem einstök ríki geti valið sér að geðþótta, af því að þau henti eiginhagsmunum þeirra.

Inngöngusáttmálinn tryggir því fyrir fram, að **túlkun bandalagsins sjálfs** fái að ráða, rétt eins og hitt grundvallaratriðið, að lög þess fá jafnan forgang og ráða úrslitum alls staðar þar sem þau rekast á löggjöf landanna sjálfra í bandalaginu ("Community law takes precedence over any national provisions which might conflict with it").

*Jón Valur Jensson, 18.5.2009 kl. 17:01*

---

FYLGISKJAL 3 með umsögn JVJ hér fyrir ofan:

Á netinu hef ég vísað á [þessa grein á eFRÉTTUM](#) 29. maí 2009 [ [http://www.efrettir.is/index.php?option=com\\_n-content&Itemid=1&id=110](http://www.efrettir.is/index.php?option=com_n-content&Itemid=1&id=110) ], þar sem segir, að **Johan Hakelius**, dálkahöfundur hjá sænska dagblaðinu *Aftonbladet*, bendi á (leturbr. mínar), "að eftir kosningarnar muni 736 fulltrúar sitja á þinginu og þar af verði aðeins 18 kosnir af Svíum eða 2,4% þeirra. Hinum 718 fulltrúunum, eða 97,6%, hafi sænskir kjósendur ekkert vald yfir. Hann segir þetta hliðstætt og ef Svíar kysu aðeins 9 af þeim 349 fulltrúum sem sitja á sænska þinginu en afganginn kysu einhverjir aðrir.

Hann tekur sem dæmi að sænska kjördæmið Kalmar hafi 8 fulltrúa á sænska þinginu og geti ekki haft nein áhrif á það hverja önnur kjördæmi velja á þingið. Svíþjóð sé í nákvæmlega sömu stöðu gagnvart kosningunum til Evrópusambandsþingsins. **Svíþjóð eigi þó að heita sjálfstætt og fullvalda ríki en vitanlega sé Kalmar það ekki.**

Hakelius segir síðan að **þetta þýði einfaldlega að það sé Evrópusambandið en ekki Svíþjóð sem sé sjálfstætt ríki**. Sé Svíþjóð stjórnað af þingi þar sem 97,6% fulltrúanna eru kosin af öðrum en sænskum kjósendum þá sé landið einfaldlega alveg eins ósjálfstætt og Kalmar. Hann spyr síðan að því hvenær Svíar hafi samþykkt þetta.

Einhverjir kunna að vera þeirrar skoðunar að Svíþjóð eigi aðeins að vera fylki innan Evrópusambandsins, segir Hakelius ennfremur. En **Svíar geti hins vegar ekki látið áfram eins og þeir búi í sjálfstæðu ríki á sama tíma og þeir færa sífellt meira vald yfir eigin málum til þings þar sem þeir hafa aðeins 2,4% fulltrúanna.**

Sjálfur segist Hakelius vera hlynntur Evrópusambandi sem byggi á samstarfi sjálfstæðra Evrópuríkja en til þess þurfi ekkert Evrópusambandsþing. Slíkt þing sé aðeins ávísun á það að Svíar glati yfirráðum yfir eigin málum. Stefnumótunin sé ákveðin af öðrum en Svíum sem hafi aðeins 2,4% vægi í því sambandi." [Tilvitnun lýkur.]

Merkilegt – og sýnir, að sjálft Evrópuþingið er einn aðalókostur EB! – vitaskuld að ógleymdri framkvæmdastjórninni!

Annars minnti þessi texti á, að ég hef skrifað (hér) um **ennþá minna vægi** sem við Íslendingar hefðum í þessu Evrópubandalagi: "Þætti okkur hið bezta mál, ef íslenska þjóðin ætti **0,4 þingmenn á Alþingi** í stað 63, en Evrópubandalagsríkin ættu hina 62,6? Og værum við sátt við að eiga sem svarar til **0,1 ráðherra sem fulltrúa okkar í 12 manna ríkisstjórn**? Vitaskuld ekki. En hér er nákvæmlega verið að sýna, hvert hlutfall okkar yrði í löggjafarstörfum þar, ef það yrði hið sama og gilda myndi um þingmannafjölda okkar á Evrópuþinginu (sem yrði í mesta lagi 5 þingmenn af 790 eða 0,63%) og í ráðherraráði Evrópubandalagsins (þar sem við hefðum þrjá ráðherra af 348 eða 0,86%)."

---

FYLGISKJAL 4 með umsögn JVJ hér fyrir ofan:

Úr vefgrein sem ég birti 8. júní 2009: **Jón Sigurðsson forseti talar:**

- "Sumir af vorum helztu mönnum eru líka svo hræddir við sjálfsforræði landsins, að þeir eru eins og skepnan, sem varð hrædd við sína eigin mynd. En nú er það lífsmál fyrir vort land, að það hafi alla stjórnarathöfn sem næsta sér og hagkvæmasta, og þá stjórn, sem getur svo að kalla séð með eigin augum það sem hún á að ráða yfir, en ekki í speigli og ráðgátu, eða með annara augum, í 300 mílna fjarska. Þetta er krafa, sem oss virðist ekki maður geti sleppt, nema með því að óska sér að leggjast í dauðasvefn að nýju ..."

Menn hugleiði þessi orð (óbreytt stafsetning hér) úr riti eins þeirra merkismanna, sem fjallað hafa um stjórnsmál okkar Íslendinga, áður en núverandi þingmenn lýðveldis okkar tóku þar við stjórnartaumunum.

Menn hugleiði nú, hvort verið geti, að einhverjir hinna síðastnefndu geti hugsað sér að senda yfirstjórn okkar mála til annars lands í mörg hundruð mílna fjarska.

Meðan menn hugsa þetta, kemur hér annar texti Jóns forseta, þar sem hann horfir til baka til sögunnar og segir:

- "Þegar konungs veldið var takmarkað í Danmörku (1843), var byrjað á hinni sömu aðferð og áður, þegar fylkjaþingin voru sett. Íslandi var ætlað að vera sem eitt fylki í Danmörku, vera undirlagt sömu grundvallarlögum og Danmörk, hafa nokkur atkvæði á þingum Dana, en að öðru leyti halda alþingi sem einskonar amtsráði."

Þetta er hvort tveggja úr ritgerð Jóns, Um stjórnarmál Íslands, í *Nýjum félagsritum*, XXII. árg. (1862), bls. 5 (fyrsta tilvitnunin) og 2–3. **Hefði hann samþykkt framsal æðsta löggjafarvalds okkar til Brussel og Strassborgar? ALDREI!**

Nú er þetta aftur hugleiðingarefni og spurningar: Getur verið, að þetta sé það hlutskipti, sem sumir ætla landinu nú: Að setja það undir sömu grundvallarlög og annað ríki eða löggjafarvald, sem yfir okkur verði sett, í mörghundruð mílna fjarlægð – reyndar löggjafarþing, þar sem við fáum náðarsamlegast að hafa nokkur atkvæði, en erum samt algerlega undir sett og fáum nánast engu ráðið?

Getur verið, að jafnvel sumir þingmanna okkar ætli landinu þetta? Er hugsanlegt, að þeir séu svo hræddir við sjálfsforræði landsins?

Og þegar lítið er lengra til málsatvika og alls þess, sem breytt hefur frá árinu 1843 (er þarna var lengst til baka horft um forsöguna), þá má spyrja: Eru þær hugsanlegu hliðstæður, sem nú má greina í pólitískri stefnu vissra þingmanna (jafnvel heils flokks), þ.e. þeirri stefnu að koma æðsta löggjafarvaldi okkar úr landi og gefa okkur þar einungis nokkur atkvæði til umráða og áhrifa á setningu laga, reglugerða og tilskipana, sem okkur verði ætlað að hlýða, – eru þær hugsanlegu hliðstæður við fortíðarpólitík (endurtek ég) með þeim hætti, að kalla meg, að slík stefna jafngildi *landráðum* við ríki okkar og áunnin réttindi?

Ef þessi stefna miðast þó einnig við að *láta sem minnst á því bera*, að hér sé í reynd um afsal sjálfsforræðis okkar að tefla, í stað þess að viðurkenna það kinnroðalaust, er þetta þá einnig tilefni til að vísa hér til lagareglna okkar um landráð, sem víkja í 86. grein berum orðum að *svikum* sem einu því atriði, sem hliðsjón er höfð af, þegar reynt er að greina, hvort framin hafi verið landráð?

FYLGISKJAL 5 með umsögn JVJ hér fyrir ofan:

Laugardag 13. júní 2009

## **SÖNNUN þess að Jón Sigurðsson forseti hefði ekki fallið fyrir gervirökum um gagnkvæma 'hlutdeild' okkar í fullveldi annarra(r) þjóða(r), heldur þvert á móti HAFNAÐ því sem ÖRETTI**

Við þekkjum málskrif landamæraútpurrkunar- og afstæðishyggjumanna, bæði meðal afvegaleiddra sagnfræðinga og "Evrópufræðinga": þeir stóla á, að það yrði jákvæður ávinningur að "deila fullveldi okkar með öðrum"! Allt önnur var afstaða Jóns Sigurðssonar í hliðstæðu máli. Vegna stefnu Dana með hinum illa þokkuðu *stöðulögum* ritaði hann eftirfarandi í I. árgang *Andvara*, tímarits Þjóðvinafélagsins, árið 1874 (leturbr. mínar – og hornklofainnskot):

- Um hitt, sem einungis snertir Danmörku, höfum vér aldrei óskað að hafa neitt atkvæði; það eru Danir

**sjálfir, sem hafa verið að ota að oss þessum máium og bersýnilega til þess að ávinna með því fullkomið yfirvald yfir oss í vorum eiginmálum**, því að þá er það eftir þeirra áliti jafnrétti, að þegar vér erum til dæmis 25 sinnum færri en þeir, þá skulum vér hafa einungis eitt atkvæði móti 25 í hverju máli sem er. Þeir eru íhaldnir [= *skaðlausir*], þó að þeir gefi oss eitt atkvæði af 25, þótt það sé í þeirra eiginmálum, **en vér getum ekki staðizt við að hafa ekki meira en 25. part atkvæða í vorum eiginmálum**. Oss finnst því auðsætt, að í þessari grein sé **mikill óréttur** falinn, er vér ættum sem fyrst að fá réttung á.\*\*

**Sjá menn ekki hliðstæðuna?** Evrópubandalags-innlimunarsinnar láta eins og það yrði til góðs fyrir okkur að fá atkvæði um "málefni Evrópu" og að sá mikilvægi ávinningur réttlæti það að gefa þingfulltrúum hinna 27 þjóðanna "hlutdeild í" (reyndar yfirgnæfandi *vald yfir! – jvj*) okkar löggjafarmálum, okkar eiginmálum, ef þeim sýnist svo.

En hliðstæðan er reyndar ekki fullkomin, því að í stað þess að eiga **25. hvernþingmann** á þingi Dana myndum við eiga um **158. hvern þingmann** á þingi Evrópubandalagsins (EB)! En getum við, eins og Jón forseti orðar það, "staðizt" með því að hafa einungis 1/158 atkvæða í okkar eiginmálum? Vitaskuld ekki!

Hér má reyndar koma með þá mótbáru, að Alþingi mundi ekki hætta að vera til, þótt land okkar léti innlimast í EB, og að það mundi áfram setja lög, ekki aðeins Evrópuþingið í Strassborg. En því er til að svara, að:

1. löggjöfin í Þýskalandi, til dæmis, er **fjórfalet meiri frá Evrópuþinginu** en frá Þýzka sambandsþinginu; áhrifin, um áratuga skeið, hljóta að vera gríðarleg;
2. löggjöf Evrópubandalagsins hefur allan **forfgang** ("precedence") fram yfir lög og aðra forsjá, fyrirhyggju eða ráðstafanir ("provisions") hinna einstöku þátttökuríkja (sjá nánar [HÉR!](#) og [HÉR](#)). EB-lög ráða því úrslitum, enda er tekið fram í þeim aðildarsamningum, sem ný þátttökuríki skrifa undir, að alls staðar þar sem löggjöf landanna sjálfra rekt á Evrópubandalags-löggjöfina, þar ráði hin síðarnefnda ("Community law [þ.e. EB-lög] takes precedence over any national provisions which might conflict with it"). Með þessu yrði Alþingi vængstýft og gert að undirþingi annars yfirþings í reynd.

**Getur nokkur maður ímyndað sér, að þetta hefði verið að skapi Jóns Sigurðssonar?** – hans sem barðist fyrir SJÁLFSFORRÆÐI lands okkar og löggjafarþings í stað þess að framselja æðstu yfirstjórn þess til ríkis í mörghundruð mílna fjarska ... En það kvað hann vísasta veginn fyrir þjóðina til "að leggjast í dauðasvefn að nýju."

-----  
\* "Evrópufræðinga" sem þekkja þó sumir hverjlr vart nema hrafi í sögu Evrópu.

\*\* *Andvari* I, bls. 116 (?)–117, hér skv. Páli Eggert Ólasyni: *Jón Sigurðsson*, V. bindi: Síðasti áfangi, Rv. 1933, s. 222–3.

---

FYLGISKJAL 6 með umsögn JVJ hér fyrir ofan:

Úr vefgrein, sunnudag, 7. Júní 2009:

## **Frakkar og ESB hyggja á stórsókn á norðurhjarann, með fiskveiðar, orkuauðlindir og herviðbúnað í huga – innlimun Íslands mikilvægur áfangi á þeirri hagsmunaleið**

Í nýútkomnum Sunnudags-Mogga eru merkilegar upplýsingar í viðtali Péturs Blöndal við Michel ROCARD, fv. forsætisráðherra Frakka, nýskipaðan sendiherra heimsskautasvæðanna. Skipun svo tigins stjórnmalamanns í starfið sýnir mikilvægi málaflokksins í huga frönsku stjórnarinnar, svo að ekki verður um villzt – a.m.k. þegar um glögga lesendur er að ræða! [*Hér er sleppt að birta vefgreinina í heild, þó að hún sé reyndar mjög lærdómsrík um fyrirætlanir Frakka (og Evrópubandalagsins) um hasmunamál þeirra á norðurskautssvæðinu og þar með trúlega einnig hér á landi. En þetta fylgiskjal er fyrst og fremst við það miðað að tilfæra hér ummæli Jóns Sigurðssonar, því til sönnunar, hvernig hann skrifaði um nausyn þess að halda ákvörðunarvaldi okkar sem mest eða fullkomlega í landinu sjálfu. Í nefndri vefgrein segir þar 2. neðanmálsgrein:]*

*Jón Sigurðsson mælti gegn þeirri hugmynd einhverra þingmanna að vísa ... málaleitan Frakka [um aðstöðu á Dyrafirði] til Kaupmannahafnar, og um það ritaði hann í Ný félagsrit, XVIII. árgang (1858), s. 109 (leturbr. jvj):*

- "En af því ekki er ætíð sagt, að stjórnin fari eins viturlega að og í þessu máli, **þá ætti alþing að varast að**



**afsala sér atkvæði að fyrra brögð, heldur að geyma rétt sinn óskertan til að segja allt sitt um öll þau mál, sem Ísland varðar, og um fiskimál þetta er réttur þingsins svo augljós, og svo almennt viðurkenndur annarstaðar í líkum efnunum, að t. a. m. Englands stjórn hefir nýlega borið líkt mál undir þingið á Nýfundnalandi, um fiskiverkun Frakka þar á landi, og þegar þingið neitaði leyfi til þess, þá tók Engla drottning eða stjórnin aptur leyfi, sem hún var búin að gefa Frökkum. Þannig virti stjórn hins volduga Englands atkvæði þingsins í einni sinni minnstu nýlendu; hversu skyldum vér þá sjálfir svipta oss atkvæði, sem eigum að réttu lagi fullkomln löggjafarréttindi skilið?"**

Þessi orð Jóns eru reyndar í senn **áminning** til fullveldis- og löggjafarvalds- framsalsmanna samtíma okkar og **bryning** til fullveldissinna að hoga hvergi frá valdi okkar sjálfra til að ákveða með lögum fullan og algeran forgangsrétt okkar sjálfra í þessu landi til allra mála og yfir öllum okkar auðlindum og aðstöðu. Þá þjóðarhagsmuni vilja ýmsir svíkja nú, jafnvel heill stjórn málaflokkur!

---

FYLGISKJAL 7 með umsögn JVJ hér fyrir ofan:

Grein eftir Rafn Gíslason í Morgunblaðinu og á vef hans:

<http://rafng.blog.is/blog/rafng/entry/892077/>



**Hver verður staða launþegahreyfingarinnar innan ESB ?**

Sunnudaginn 24. maí síðast liðinn skrifaði ég grein um ASÍ - Samfylkinguna og ESB. Þar kom ég inn á hið svo kallaða Vaxholms mál í Svíþjóð og afleiðingar þess fyrir launþegahreyfinguna á ESB svæðinu. Aðdragandi þessa máls var að bæjarfélagið Vaxholm í Svíþjóð ákvað árið 2004 að fara í endurbyggingu á skólahúsnæði í bænum. Gerð voru tilboðsgögn þar sem meðal annars var kveðið á um þau fyrirtæki sem áhuga hefðu á að gera tilboð í verkið skyldu skrifa undir samning við Byggnads um launakjör og aðbúnað (kollektivavtal) en það var hinn almenna regla á sænskum vinnumarkaði. Lettneska fyrirtækið Laval un Partneris átti lægsta boðið í verkið og fékk það. Laval hafði þegar þetta var þegar starfað á sænskum byggingamarkaði um nokkurt skeið en þá í gegnum dótturfélag þess sem hét Baltic AB og á árunum 2002/03 hafði það veltu upp á um 20 milljónir sænskra króna. Baltic AB hóf síðan störf við endurbyggingu skólans sem undirverktaki fyrir hönd Laval un Partneri en í júní árið 2004 hefur Byggettan samband við Baltic AB og fer fram á að þeir skrifi undir launasamninga við þá eða svo kallaðan tímabundinn kjarar- eða vinnuréttarsamning (hängaftal) en það er vaninn í svona tilfellum. Byggettan komst fljótt að því að Baltic AB hafði ekki áhuga á slíkum samningi þó að þeir hafi áður undirgengist því við tilboðið að slíkt skyldi gert. Í september sama ár slítnar svo upp úr samningaviðæðum við Baltic AB og í nóvember sama ár er fyrirtækið sett í „frost“ (blockad). Útilokunin stóð í einar 7 vikur og um jólin 2004 hættir Baltic AB störfum við skólabygginguna og fer til Lettlands. Þetta mál fór síðan fyrir sænska vinnudómstólinn sem dæmdi Byggnads og LO í fullum rétti í þessum átökum, en þar sem dómurinn var ekki einhuga var ákveðið að sækja eftir áliiti frá Evrópudómstólnum og settu fulltrúar LO sig ekki upp á móti því. Niðurstaða Evrópudómstólsins var sú að heimilt var og er að greiða laun samkvæmt lettneskum launasamningum þó svo unnið væri í Svíþjóð. Forsenda dómsins er sú að ESB lítur svo á að þjónusta fyrirtækja og vinnuafis skal geta farið óhindrað um ESB svæðið án hafta og afskipta stéttarféлага í viðkomandi landi og án þess að þurfa að gangast undir kjarasamninga viðkomandi lands. Þetta á við öll fyrirtæki og launþega í ESB löndunum. Í svari sínu 25. maí 2009 við grein minni sem birtist í Mbl. 24 maí 2009 þá segir Gylfi Arnbjörnsson orðrétt:

ASÍ gerði sérstakan kjarasamning við SA 2004 um málefni erlendra starfsanna sem auðvelda okkur að koma í veg fyrir undirboð. Einnig höfum við í samstarfi við SA og félagsmálaráðherra staðið fyrir innleiðingu ýmissa reglna sem er ætlað að koma í veg fyrir að fyrirtæki geti misnotað aðstöðu sína til að ná samkeppnisforskoti með því að grafa undan lögum og kjarasamningum. Að okkar mati hefur skipulag Íslensks vinnumarkaðar, þar sem saman fer mikil þátttaka í verkalýðsfélögum, samstarf við samtök atvinnurekanda um trausta kjarasamninga sem eru studdir nauðsynlegri löggjöf, reynst skila bestum árangri í að tryggja hagsmuni bæði launafólks og fyrirtækja. Aðild að ESB ógnar þessu fyrirkomulagi ekki á nokkurn hátt nema síður sé.

Ég get ekki betur séð en að LO og Byggnads í Svíþjóð hafi talið sig vera í svipaðri stöðu á sænskum vinnumarkaði áður en til Vaxholms málsins kom. Sjá grein á heimasíðu

LO. <http://www.lo.se/home/lo/home.nsf/unidView/4CA5C8558AA549D2C1256F720060D909>

Málalok Vaxhólms málsins hafa sett af stað mikið umrót á meðal sænsku verkalýðshreyfingarinnar sem finnst gróflega vegið að launþegum landsins og að það ógni velferð sænskra launþega. Nú í aðdraganda kosninganna til ESB þingsins þá er þróun þessara mála mótmælt harðlega af sænska Sósíaldemókrataflokknum og LO/Byggnads og þess krafist að afstöðu ESB til þessara mála verði breytt eins og má sjá á heimasíðum félaganna.

Sjá: <http://www.socialdemokraterna.se/Webben-for-alla/EU/maritaulvskog/MediaKontakt/Artiklar/EU-kommissionens-ordforande-bor-avga/> og <http://www.byggnads.se/Europaparlamentsvalet/Byggnads-argument-for-att-du-ska-rosta/>

Í dag 28. maí 2009 fór hópur félagsmanna Byggnads og LO með Maritu Ulvskog í broddi fylkingar út til Vaxholms til að greiða atkvæði til ESB þingsins utankjörstaðar. Það var gert til að minna á Vaxhólms málið og þá hættu sem þessir aðilar telji að steðji að sænskum launþegum og sænsku velferðar kerfi. Það er augljóst að Sósíaldemókrataflokknum og aðildarfélög LO finnst ástæða til að óttast þessa framvindu mála. Það er mér óskiljanlegt að ASÍ skuli ekki óttast þessa þróun eða telji að hana þurfi að taka alvarlega. Hvað gerir okkur betur í stakk búna til að takast á við slík mál innan ESB en önnur aðildarlönd sambandsins?

**Aths. Jóns Vals Jónssonar: Þessi máflutningur Rafns hefur ekki verið afsannaður. Hér er um stóralvarlegt mál að ræða, sem setur atvinnuöryggi launþega á Íslandi í mikla hættu. Það er ekki nóg að benda á, hvernig ástandi hafi verið í þeim efnum í Evrópubandalaginu, heldur verður að skoða, hvert stefnir í bandalaginu á grundvelli regluverks þess, m.a. jafnréttis manna ('Evrópuborgara') og fyrirtækja innan þess. Og þá er afar hætt við undirboðum á markaðnum og atvinnuleysi betur hæfra manna verkefnaleysi margra íslenskra og betur hæfra verktafa en þeirra, sem inn í landið koma og bjóða lægri taxa.**